

1866.

3. október.

látid borga prófdómendunum tveim við læknapróf það, sem haldið var í fyrra í Reykjavík, 48 rd. alls úr lækna sjóðnum í ferðakostnað og fæðispeninga, það er segja Skúla Thórarensen héraðslækni 36 rd. og Gísla Hjálmarssyni kansallíráði 12 rd., á þann hátt, að greiða ætti fjórðung upphæðarinnar úr hverjum hinna fjöggra spítalasjóða. En þar sem amtmaðurinn í vestur-umdæminu hefir færzt undan að endurgjalda Kaldaðarness spítala þann fjórðung af upphæð þessari, sem borgaður hefir verið úr tæðum spítalasjóði fyrir Hallbjarnareyrrar spítalasjóð, nema fengið sé fyrst samþykki dómsmálastjórnarinnar til þessa gjalds, hafið þér beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort álíta megi slíkt samþykki nauðsynlegt, og ef svo er, þá beiðid um að það verði veitt.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hërmeð veitir samþykki sitt til, að fê þetta hefir verið borgað, og veitir yður, háæruverðugi herra, heimild til að láta líka borga framvegis þesskonar gjöld úr spítalasjóðnum, að svo miklu leyti sem þér álítið, að ekki verði komizt hjá að skipa menn, sem ekki eiga heima í Reykjavík, til prófdómenda við læknapróf þetta.

4. október. **85. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
mannsins og biskupsins yfir Íslandi, um kennslu-
bækur á íslenzku handa Reykjavíkur skóla.**

Eptir að stjórnarráðið hafði beiðid yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, í bréfi 25. maímán. þ. á., um að gjöra ráðstafanir til þess, að búnað verði til kennslubækur á íslenzku, til þess að þær verði notaðar við kennsluna í neðstu bekkjum skólans, einkum latínska málmyndalýsing og latínska orðabók með íslenzkum þýðingum, hafið þér sent hingað með bréfi dagsettu 11. f. m. uppástungu, er þér hafið látið kennar-ana í latínu við skólann gjöra, um ritun tæðra kennslubóka, og ber uppástungan með sêr, að kennarar þessir hafa tekizt á

1866.

4. október.

hendur að semja latínska málmyndalýsing og vera búnir með hana innan loka fjárhagsársins, og að þeir einnig hafi boðizt til að semja latínska orðabók með íslenskum þýðingum, en án þess að tiltekið verði, hvenær sú bók geti orðið búin; auk þessa hafa þeir stungið uppá, að ritlaunin fyrir málmyndalýsinguna verði sett á 20 rd. fyrir hverja örk, en þeir halda að hún verði eitthvað 6 eða 7 arkir, og fyrir orðabókina á 30 rd. fyrir hverja örk, en það er ætlað á að hún verði um 40 arkir. Um þetta hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, tekið fram, að yður þyki ritlaunin, sem stungið er uppá fyrir orðabókina, hæfileg, en aptur á móti finnist yður mátulegt að setja ritlaunin fyrir málmyndalýsinguna á 15 rd. fyrir hverja örk, að prófarkalestri meðtöldum, eða alls hërumbil 100 rd., og hafið þér þar að auki farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til, þegar handritið til málmyndalýsingarinnar er búið til prentunar, að láta borga ritlaunin, sem ákveðin verði fyrir það, úr jarðabókarsjóðnum, og að stiðsprentsmiðjan sé látin fá réttinn til að gefa málmyndalýsinguna út; gæti hún líklega selt hana á að gizka fyrir 2 eða 3 mörk hverja.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hërmed fellst á allar uppástungur þær, sem þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, hafið gjört, viðvikjandi því að semja hina umgetnu latínsku málmyndalýsingu og að láta hana koma út á prenti, og líka veitir yður heimild til að láta borga ritlaun þau, sem þér hafið stungið uppá, hërumbil 100 rd., úr jarðabókarsjóði Íslands af fê því, sem veitt er í 9. grein VI C í fjárhagslögunum, og skal því við bætt, að þér getið átt von á ítarlegri úrskurði frá stjórnarráðinu um ritun latínsku orðabókarinnar með íslenskum þýðingum.